

Hafnarfirði 18. febrúar 2008.

Viðurkenningar fræðsluráðs Hafnarfjarðar

1. Markmið viðurkenninga fræðsluráðs Hafnarfjarðar á farsælu skólastarfi er að vekja athygli á mikilvægi skólastarfs í samfélaginu. Fræðsluráð mun veita einstaka skólaverkefnum sem unnin hafa verið í skólasamfélaginu í Hafnarfirði sérstaka viðurkenningu og athygli.
2. Þeir sem starfa í stofnunum á fræðslusviði í Hafnarfirði eru gjaldgengir til viðurkenningar, hvort sem þær eru starfræktar á vegum bæjarfélagsins eða af sjálfstæðum aðilum.
3. Viðurkenningu er hægt að veita allt frá tveimur starfsmönnum til alls starfsfólks viðkomandi skóla, með verkefni sem
 - hafa verið unnin af frumkvæði, fagmennsku og ábyrgð
 - hafa viðhaft samvinnu kennara/starfsfólks til að þróa kennslufræði
 - innihalda sérstaka aðra þætti sem vakið hafa athygli.
4. Viðurkenningin skal veitt árlega. Mögulegt er að veita eina til þrjár viðurkenningar á hverju ári en það er ákvörðun fræðsluráðs hverju sinni.
5. Allir geta sent inn tillögur um tilnefningar til verðlaunanna sem þurfa að berast Skólaskrifstofu fyrir 1. apríl. Óskað skal eftir tilnefningum, ásamt örstuttum rökstuðningi, með auglýsingum í febrúar ár hvert. Fræðsluráð tekur afstöðu til tilnefninga í maí og val er kynnt í lok maí.

Magnús Baldursson
Magnús Baldursson,
fræðslustjóri.